

**Sérdeild  
Suðurlands**

**Námskrá  
fyrir**

**Setrið í  
Sunnulækjarskóla**

**September 2007**



## Saga sérdeildar Vallaskóla

1982 - 2007

Sérdeild Vallaskóla stendur á tímamótum. Næstkomandi haust mun hún flytjast frá Vallaskóla yfir í Sunnulækjarskóla eftir 24 ára starf. Breytingarnar sem í vændum eru fyrir nemendur og starfsfólk hennar eru því miklar. Nýtt umhverfi, önnur skólastefna og nýjar áherslur. Það er því vel við hæfi að skrá stuttlega sögu sérdeildar Vallaskóla á þessum miklu tímamótum.

Árið 1982 keypti Menntamálaráðuneytið, ásamt Svæðisstjórn, húsnæðið að Skólavöllum 1 á Selfossi undir rekstur sérdeildar við Sandvíkurskóla. Við það flutti sérdeildin sem hafði verið starfrækt í Þingborg, þangað og einnig fluttust þangað nemendur sem höfðu verið í skóla fyrir fatlaða í Lambhaganum. Forstöðumaður sérdeildar var á þessum tíma Bjarni Þórarinsson. Í sérdeildinni var strax tekin sú stefna að vinna að blöndun nemenda úr sérdeild inni bekki barnaskólans, þar sem flestir fóru í bekki og fylgdu þeim eins og hægt var. Starfsemi deildarinnar jókst til muna og voru nemendur hennar á þessu tímabili í kringum 30. Boðið var uppá einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópum. Stór hluti kennara voru bekkjarkennarar sem fylltu stöður sínar með kennslu út í sérdeild.

Árið 1987 hættir Bjarni sem forstöðumaður og Guðrún S. Þórarinsdóttir sérkennari var ráðin í hans stað. Um það leiti var farið að bjóða uppá þjónustu svokallaðrar göngudeildar, en sú þjónusta fólst í því að foreldrar og kennarar gátu komið og fengið þjónustu sér- og talkennara, sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfara fyrir nemendur, í samvinnu við fræðsluskrifstofuna. Starfsemi þessi jókst gríðarlega og árið 1992 var ráðinn sérkennari á Fræðsluskrifstofuna í fullt starf til þessa að sinna þessari þjónustu.

Í lögum um grunnskóla sem sett voru árið 1991 kemur m.a. fram að tryggja eigi öllum nemendum rétt til skólagöngu í sínum heimaskólum.

Uppfrá þessu tók hlutverk sérdeildarinnar að breytast og farið var fram á að takmarka nemendafjölda hennar. Einungis átti að taka við 8-9 nemendum. Enn fremur átti sérdeildin að taka við hlutverki Lambahagaheimilisins þ.e. að veita fötluðum börnum kennslu og þjálfun og að sjá um þau börn sem þurftu vistun eftir skólatíma. Árið 1991 var því stofnað sérstakt inntökuráð. Miðað var við að þeir nemendur sem voru mest fatlaðir fengju inngöngu í sérdeildina. Árið 1993 hætti Guðrún sem forstöðumaður og tók Ester Bergmann sérkennari við af henni. Á þessum tíma var einnig ráðin til starfa fyrsti þroskaþjálfinn, Rósa Björk Ásgeirsdóttir og starfaði hún við þjálfun fjölfötluðu nemendanna. Árið 1995 tók Kristín Björk Jóhannsdóttir, þroskaþjálfari, við hennar starfi. Fyrirkomulag þjálfunar og kennslu var á þá leið að á efri hæð hússins voru getumeiri nemendur og fór þar fram sérkennsla. Á neðri hæð hússins starfaði þroskaþjálfari og sérkennari við þjálfun og kennslu fjölfötluðu nemendanna.

Þegar sveitafélögin tóku við rekstri grunnskólanna færðist rekstur sérdeildarinnar yfir á Sveitafélagið Árborg og er rekin samkvæmt samningi við Samtök sveitafélaga á Suðurlandi.

Við sameiningu skólanna tveggja árið 2002, Sandvíkurskóla og Sólvallaskóla varð til nýr skóli, Vallaskóli. Við þá sameiningu varð sérdeild Sandvíkurskóla að sérdeild Vallaskóla. Það ár tók Kristín Björk Jóhannsdóttir þroskaþjálfari og kennari við starfi deildarstjóra á sérdeildinni. Árið 2004 var starfsreglum deildarinnar breytt á þá leið að ekki eru takmörk sett varðandi fjölda nemenda. Lögð er áhersla á sveigjanlega þjónustu í takt við þarfir hverju sinni.

Í dag eru nemendur hennar 15 talsins. Þrjú þroskaþjálfar eru þar að störfum ásamt þremur kennurum, einum leikskólakennara/leiðbeinanda og einum félagsliða. Þar af er einn þroskaþjálfinn einnig kennari.

Í dag geta sveitafélög á Suðurlandi sótt um skólavist fyrir nemendur með fötlun þar sem ekki er fyrir hendi viðeigandi kennsla í heimaskólum

þeirra. Sérstakt fagráð fer yfir umsóknir og sér um innritun og eftirlit með innra starfi. Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi sögu sérdeildar Vallaskóla. Á næsta skólaári hefst nýr kafli í sögu Sérdeildar suðurlandsumdæmis sem verður byggð á þessum trausta grunni.

### **Þátttaka í bekkjartímum:**

Nemendur fara í flestum tilfellum í allar list- og verkgreinatíma með bekkjarfélögum sínum 6 – 10 tíma á vika. Stuðningsfulltrúi hefur fylgt nemendum í þessar stundir.

Meta þarf hversu mikil þátttaka hjá hverjum nemanda er í bóklegum tímum með bekknum sínum en tryggja þarf viðeigandi stuðning þannig að slíkir tímar séu að nýtast barninu sem best.

### **Einstaklingsnámskrá:**

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemanda í samvinnu við foreldra, nemendur og kennara í heimaskóla nemandans. Dregnar eru fram upplýsingar um stöðu í námi og námsaðstæður sem henta nemandanum best. Nemandinn fær tækifæri til að setja fram sínar óskir um efnistöð í náminu. Valin eru markmið fyrir hverja námsgrein úr námskrá deildarinnar. Einstaklingsnámskráin er fyllt út á sérstök rafræn eyðublöð. Leiðir að markmiðum eru skilgreindar úr frá greindarkenningu Gardners.

## **Námsmat:**

Heildraent námsmat byggir á markvissri og fjölbreyttir upplýsingaöflun og skipulegri skráningu.

**1. önn: Upphafsstöður:** Upplýsingum safnað um grunnþekkingu, vinnubrögð og aðlögun í skólastarfinu með skráningu á gátlista.

**Foreldradagur:** Námsmarkmiðabók, (dagbók á Mentor,) verkmappa (rafræn).

**2. önn: Áning:** Staldráð við og horft yfir farin veg. Upplýsingum safnað um stöðu nemandans varðandi almenn og námstengd markmið með áherslu á sjálfsmat og mat á verkefnum í verkhöppu.

**Foreldradagur:** Námsmarkmiðabók, ljósmyndasjálfsmat, verkmappa (rafræn)

**3. önn: Marklína:** Upplýsingum safnað um það hversu langt nemandinn fór í ferðalagi markmiðanna með margvíslegum verkefnum, könnunum og prófgerðum. Áhersla lögð á að nemendur geti nýtt sér tölvutæknina í könnunum/prófum.


**Foreldradagur:** Námsmarkmiðabók, (umsögn í öllum greinum á Mentor), rafræn verkmappa.

## **Námsgögn:**

Kennsluhættir í sérdeildinni miða að því að nota fjölbreytt námsgögn sem eru sérsniðin að námsmarkmiðum og tjáskiptaleiðum hvers nemanda. Námsefnisgerð er því veigamikill þáttur í starfsemi deildarinnar. Hlutbundin og áþreifanleg gögn sem krefjast verklegra athafna eru vinsæl ásamt plöstuðum verkefnum sem hægt er að skrifa á með töflutúss eða nota franskan rennilás. Í gagnalista um sérhæfð námsgögn deildarinnar er hægt að fræðast um gögnin. Námsbækur frá Námsgagnastofnun, skólavefnum og öðrum aðilum eru einnig nýtt.

## ■ Íslenska

Íslenskukennslan er miðuð við stöðu hvers og eins þannig að nemendur fái viðfangsefni við hæfi. Algengt er að samnýttar séu hugmyndir úr ýmsum aðferðum lestrarkennslunnar eftir því hvað hentar hverjum nemanda. Meginárhersla er lögð á að nemendur nái góðu valdi á móðurmálinu. Tök hans á því eiga stóran þátt í að móta sjálfsmynd og sjálfsöryggi sem er svo mikilvæg í námi, samskiptum, daglegu lífi og við leik og störf.



## ■ Íslenska

### Lestur:

- Skilji að hlutir og persónur eigi nafn
- Læri orð, hugtök og tákn yfir algengustu hluti og athafnirsem tengjast daglegu lífi hans.
- Þekki lesáttina
- Lesi atburðarás úr teikningum /myndasögum
- Lesi myndræna stundaskrá
- Þekki einstaka stafi og hljóð
- Geti sundurgreint og tengt saman hljóð (lesið eða búið til orð)
- Vinni með eigin frásagnir og sögur til að örva hann til lestrar
- Kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- Vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- Lesi léttan texta, án samhljóðasambanda
- Læri að þekkja algengar orðmyndir
- Lesi orð með tvöföldum samhljóða og samhljóðasambönd
- Læri að sundurgreina og lesa samsett orð
- Auki lestrarhraða og efli lesskilning

### Talað mál og framsögn:

- Geti borið fram öll íslensk málahljóð
- Geti tjáð sig í heilum setningum
- Tjái sig munnlega í samskiptum
- Geti sagt frá hlutum og persónum

### Hlustun og áhorf

- Hlusti á fyrirmæli og skilji þau
- Hlusti á upplestur bæði sem kennari les og sem fluttur er á annan hátt
- Njóti þess að hlusta á hljóðsögur
- Fylgist með umræðum og taki þátt í þeim.
- Geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á.

### Ritun


- Sitji rétt við borð fætur á gólfi og framhandleggur á borðplötu
- Haldi rétt á skriffæri
- Teikni sjálfsmynd
- Teikni einföld form og táknmyndir

<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki skriftaráttina</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti sporað stór og smá form og bókstafi</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Dragi rétt til stafs</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti skrifað eftir forskrift</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti ritað persónuupplýsingar á eyðublað: nafn, heimilisfang, kt, sími, nöfn foreldra og systkina.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti skrifað eftir upplestri</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti skrifað eigin texta</li> </ul>
<b>Bókmenntir</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Njóti þess að hlusta á sögur og ljóð</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Læri söngtexta.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti valið sér bók á bókasafni</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki valdar íslenskar þjóðsögur m.a. úr heimabyggð</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki og noti hugtök eins og söguþráður, söguhetja og sögulok.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki til nokkurra íslenskra rithöfunda sem hafa skrifað fyrir börn og unglunga.</li> </ul>
<b>Málfræði</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hlusti eftir hljóðum í umhverinu og geti aðgreint mismunandi hljóð</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti sundurgreint og sameinað orðhluta í samsettum orðum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti skipt orðarunu í einstök orð</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Átti sig á mismunandi lengd orða</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti klappað samstöfur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti greint fyrsta, síðasta og miðhljóð í orðum.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Átti sig á hugtakinu setning (að setningar eru mislangar) sem eru mismunandi að lengd,</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kunni stafrófið og geti notað það.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki helstu hugtök í málfræði</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kunni helstu beygingar</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki algeng orðtök og málshætti</li> </ul>



## ■ Stærðfræði:

Fyrsta stærðfræðireynsla barna er tengd við daglegt líf, leiki, spil og önnur áhugamál. Fyrst og fremst er lögð áhersla á þau svið stærðfræðinnar sem geta komið nemendum að notum í daglegu lífi þeirra. Kenndar eru helstu reikningsaðgerðir og notkun á vasareikni. Stefnt er að því að nemendur geti notað peninga í sínu lífi, tileinki sér ýmsar mælingar og læri á klukku. Leiðirnar í stærðfræðináminu þurfa að vera sem mest samofnar daglegu lífi ásamt beinni þjálfun í reikningsaðgerðum.



<p>■ <b>Stærðfræði</b></p>
<p><b>Undirstöðuhugtök</b></p>
<p>■ <b>Venslahugtök:</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Stærð: stór, lífill, stærstur, minnstur, stærri en, minni en og jafnstór</li> <li>■ Lengd: langur, stuttur, jafnlangur, lengstur, styttri en, síður.</li> <li>■ Hæð: hár, lægstur.</li> <li>■ Þykkt: þykkur, þynnstur, þröngur, víður, breiður, mjór, sver, grannur</li> <li>■ Þyngd: þyngri, léttari</li> <li>■ Fjöldi: flestir, fáir, fleiri en færri en, jafn margir</li> <li>■ Massi (magn): mikið, minnst, jafn mikið, lítið, mest, engin</li> </ul>
<p>■ <b>Röðunarhugtök:</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Röðun: á undan, á eftir, fyrsti, annar, fyrstur, síðastur, í miðjunni, næstur á undan, næstur á eftir, fyrir framan, fyrir aftan</li> </ul>
<p>■ <b>Formhugtök:</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ <b>Form:</b> hringur, þríhyrningur, ferhyrningur, kubbur, teningur, kúla</li> </ul>
<p><b>Undirstöðu- vinnubrögð:</b></p>
<p>■ <b>Pörun:</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Pari saman hluti sem heyra saman á einn eða annan hátt <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlut og hlut</li> <li>• Mynd og mynd</li> <li>• Hlut og mynd</li> <li>• Hluti eða myndir af hlutum sem tengjast t.d. blóm og vasi</li> <li>• Hluti eða myndir af hlutum með sömu eiginleika s.s. stærð, lögun, lit</li> <li>• Hluti eða myndir af hlutum sem eru andstæður</li> </ul> </li> </ul>
<p>■ <b>Flokkun:</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Flokki hluti og myndir undir ýmiskonar almenn hugtök t.d. notkun, staðsetningu</li> <li>■ Flokki hluti og myndir eftir einum eiginleika t.d. stærð, lögun, lit, áferð</li> <li>■ Flokki hluti og myndir eftir tveimur eða fleiri eiginleikum</li> <li>■ Beri saman tvo hluti eftir ákveðnum eiginleika og geti sagt hvor hluturinn er t.d. stærri, lengri, breiðari (aðgreining)</li> </ul>
<p>■ <b>Röðun:</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Raði hlutum og myndum effi eiginleikum</li> <li>■ Hermi eftir uppröðuðum mynstrum</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Búi til raðir eftir ákveðnu mynstri (staerð, lögur, tími, verðleikum, tilfallandi)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Finni út reglu sem ákveðin röð byggist á</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Staðsetji hluti rétt í ákveðinni röð</li> </ul>
<b>Talning, tölur og tugakerfi:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji upphátt upp í 5, 10, 20, 30, 40, 50 -100</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti handfjatlað hluti einn í senn og talið upphátt um leið</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti ákveðið safn hluta</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti talið umbeðinn fjölda hluta (úr stærra safni hluta)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki/lesi tölutáknin upp í 5, 10, 20, 30, 40 50,100, 1000, 10000</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ skrifi tölutáknin upp í 5, 10, 20, 30, 40, 50, 100, 1000</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti parað saman fjölda við tölustaf (talnagildi)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki mismunandi útlit sömu tölu</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji smáhluti upp í 50, 100</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 10, 20, 30 að 100</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji afturábak frá 10 (20)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 2, 4, 6 að 20</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 5, 10, 15,</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti skrifað eða raðað tölum í rétta röð 0-5, 0-10, 0-20, að 100</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti raðað nokkrum tölum völdum af handahófi í rétta staerðarröð</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti sagt rétt til um hvaða tölur eru á undan og eftir tiltekinni tölu 0 – 100</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti lesið tveggja stafa tölur, þriggja stafa tölur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti sett hjálpargögn og tölur í talnahús með einingu og tugum og hundruðum.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ skilji hugtökin tugur og eining</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ skilji að 100 er 10 tugir</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ skilji að 1000 er 10 hundruð</li> </ul>
<b>Samlagning</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Geti sameinað tvo söfn hluta og sagt til um heildarfjölda</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skilji hugtökin bæta við, leggja saman og samtals</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki orðin samlagning og plús</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki merkin + og =</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Geti reiknað samlagningardæmi með hjálpargögnum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti reiknað samlagningardæmi í huganum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti myndað mismunandi plúsheiti sömu tölu</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ skilji og nýti sér víxlregluna</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti fundið óþekktu staerðina í samlagningu</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti lagt saman fleiri en tvær tölur</li> </ul>


<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti lagt saman tveggja stafa tölur án þess að geyma</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti sett upp dæmi með eins, tveggja og þriggja stafa tölum, raðað í rétt sæti</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ kunni að geyma</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ áttar sig á því hvenær á að nota samlagningu í orðadæmum</li> </ul>
<p><b>Frádráttur</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Geti tekið ákveðinn fjölda úr safni hluta og sagt rétt til um afganginn</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skilji hugtökin taka af, draga frá og afgang</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki orðin frádráttur og mínus</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki merkið – (mínus)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ reikni frádráttardæmi</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ dragi frá tveggja stafa tölu (uppsett) án þess að taka til láns</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti sett upp frádráttardæmi</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ taki til láns (vasareiknir)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ áttar sig á því hvenær á að nota frádrátt í orðadæmum</li> </ul>
<p><b>Peningar</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti flokkað seðla og myntir eftir útliti</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti bent á umbeðna mynt</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti bent á umbeðinn seðil</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki heiti seðla og mynda</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ viti hvaða myntir hafa minnst/mest verðgildi</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ viti hvaða seðlar hafa minnst/mest verðgildi</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji krónur upp í 10</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji fimm krónur og nokkrar krónur í viðbót</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 10, 11, 12 og áfram</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti skipt 5 kr., 10 kr. og 20 kr. í krónur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 10, 20, 30</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 100, 200, 300</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti skipt 50 og 100 kr. í 10 í tókalla</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 50, 51, 52</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 5, 10, 15</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti skipt 10 kr., 20 kr. í fimmkalla</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 50, 100, 150 kr</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji 1000, 2000, 3000</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji fimmhundruðkalla (500, 1000, 1500)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji tvöþúsundkalla ( 2000, 4000)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji fimmpúsundkalla (5000, 10000, 15000)</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti bent á dýrasta/óðýrasta hlutinn af nokkrum verðmerktum smáhlutum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti fundið verð á ákveðinni vöru í verðlista eða verslun</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji saman myntir að 100</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ telji saman myntir og seðla að 1000</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti keypt fyrir ákveðna upphæð og borgað nákvæmt.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ gefi til baka af 50, 100, 1000 kr.</li> </ul>
<p><b>Mælingar</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ mæli í cm með reglustiku</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ noti málband eða tommustokk</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ máli sléttfullt desílítramál</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ noti lítramál og les af kvarðanum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ noti vigt og les af kvarðanum</li> </ul>
<p><b>Klukka</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki heila tímann á skífuklukku</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki hálfan tímann á skífuklukku</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekki korter yfir og korter fyrir á skífuklukku</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ lesi tíma af tölvuúri</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti lesið skrifaðan tíma t.d. 8:50 á stundatöflu og auglýsingum</li> </ul>
<p><b>Vasareiknir</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ þekkir merkin á vasareikni +/-=</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ getur lagt saman margar tölur með vasareikni</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ getur unnið með endurtekinn frádrátt með vasareikni</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ kann að sannreyna niðurstöðu með vasareikni</li> </ul>

## ■ SAM: Samfélagsfræði, kristinfræði, náttúrufræði

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er markmið samfélagsfræðinnar að saman fléttist þekking, færni og tilfinning barnsins svo að það öðlist vitund um samfélagið, umhverfið og söguna.

Laga þarf námsefnið að hverjum nemanda. Námsgreinin er oft unnið í þemavinnu og fléttast inn í aðrar greinar og skólasterfið allt.



<p>■ <b>SAM</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekkir vikudagana og röð þeirra</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekkir mánuði ársins og röð þeirra</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekkir árstíðirnar og getur aðgreint þær</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Getur nýtt sér dagatal í daglegu lífi</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki gerð og starfsemi mannslíkamans</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki áhrif kynþroska á líkamann og tilfinningar</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki íslensku húsdýrin og afkvæmi þeirra</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki villt dýr í náttúru Íslands</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekkir fugla í íslenskri náttúru</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekkir steina í íslenskri náttúru</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki algengar jurtir í íslenskri náttúru</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki legu landsins (eyja)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki áttir á landakorti og geti leitað á korti</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki Ísland á landakorti</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti fundið staði í öllum landshlutum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki heimabyggð sína og nágrenni</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki Ísland og nágrannalönd og geti staðsett á landakorti</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki lífríkið í hafinu og mikilvægi þess</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki eiginleika vatns og mikilvægi þess</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki lífshætti fyrr og nú</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekkir helstu hátfíðir kristinnar trúar, siði og tákni</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Viti að til eru önnur trúarbrögð, lífsviðhorf. „menningarsvæði,</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ siðir og venjur í heiminum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geri sér grein fyrir mikilvægi fjölskyldunnar</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki hlutverk þjónustustofnana eins og skóla, sjúkrahúsa og lögreglu</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skilji hlutverk ólíkra starfa í þjóðfélaginu</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekkir og nýtir leiðbeiningamerki</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki mikilvægar uppgötvanir á sviði tækni og vísinda</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Veit hvað hægt er að endurnýta</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kann að flokka rusl</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Veit hvernig á að ganga um umhverfið</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti fylgst með veðri og veðurspá</li> </ul>

<p>■ <b>SAM</b></p>
<p><b>Markmið í Rannsóknarsmiðju náttúruvísindum</b>  <b>Að nemandi:</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þjálfist í að orða hugmyndir sínar og spyrja margvíslegra spurninga er varða efnissviðið.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þjálfist í að fara eftir fyrirmælum og vinna verklega æfingu.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geri sér grein fyrir að vökvar og hlutir hafa mismundandi þyngd.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kynnist hugtökunum bráðnun og vinni með hitamæli.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kynnist vog, vigti hluti og geti borið saman þyngd.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þjálfist í að mynda hljóð, hlusta og heyri muninn á háum og lágum tónum.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ geri einfaldar tilraunir sem sýna stöðurafmagn, s.s. í rafmögnum hári og með því að nudda blöðru við peysu og festa við vegg.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki helstu einkenni ljóss, s.s. speglun, ljósbrot og litróf.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ geri athuganir sem sýna að sólarljósið inniheldur blöndu af litum regnbogans, t.d. með þrístrent gler.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ vinni með rafhlöður, ljósaperur, tengivír og rofa til að komast að niðurstöðu um hvað þarf til að mynda rafstraum.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ tengi saman einfaldar straumrásir.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ geri athuganir sem sýna að sumir hlutir leiða rafmagn en aðrir ekki og átti sig á hver eru sameiginleg einkenni þeirra hluta sem leiða rafmagn.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ skoði rafmagnstæki sem t.d. gefa hljóð, hita eða ljós og ræði um hvaða tilgangi þau þjóna í lífi okkar.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ geta nefnt dæmi um hvernig við getum sparað orku <ul style="list-style-type: none"> <li>■ á heimilinu</li> <li>■ í skólanum</li> </ul> </li> </ul>



## Tölvu- og upplýsingatækni:

Helstu markmið upplýsingatækninnar er að börnin geti notað tölvuna í daglegu lífi, sem upplýsingagjafa, ritvinnslutæki, sem samskiptatæki og til gagns og gamans. Þau eiga að verða óhrædd við að prófa nýja hluti og finna að tölvun er hluti af þeirra daglega lífi ásamt því að vita og kunna að forða sér frá hættulegum aðstæðum.




## ■ Tölvu og upplýsingatækni

- Geti skráð sig inn og út með nafni og lykilorði á sitt svæði
- Beiti réttri fingrasetningu á lyklaborðið (líkamsbeiting)
- Geti valið sér kennsluforrit til þjálfunar (ísl og stæ)
- Geti notað tölvu til ritunar texta, listsköpunar og prentað út eigin verk
- Þekki helstu hluta tölvu og hafa tileinkað sér íslenskan orðaforða þar um
- Geti geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- Hafi unnið sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga á netinu í gegnum leitarvefi
- Hafi kynnst mismunandi hugbúnaði/forritum og gert sér grein fyrir notagildi hans (word, publisher, powerpoint)
- Hafi átt tölvusamskipti bæði innanlands og utan
- Veri óhræddur við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni
- Geti sett upp forsiðu m.nafni, dags. og mynd, notað Word fyrir ritgerðir.
- Sent tölvupóst með viðhengjum bæði frá skjáborði og "copy/paste".
- Geti notað stafræna myndavél við tölvuna og geti sett myndir inná skjöl
- Geti notað geisladrif og geisladiska

## Lífsleikni:

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er meginmarkmið lífsleiknikennslu í grunnskólum að efla alhliða þroska nemandans. Í sérdeildinni er lögð áhersla á að nemendur geti orðið virkir þátttakendur í samfélaginu. Hæfni í samskiptum og skipulegum vinnubrögðum er því markvisst þjálfuð samhliða því að styrkja sjálfsmýnd hvers og eins. Lífsleikniþjálfun er samofin öllu skólastarfinu og er sá hluti nefndur skólafærni. Í lífsleiknitímum á stundaskrá er unnið með fjármál annars vegar og hins vegar samskiptaþjálfun.



## ■ Lífsleikni


### Skólafærni:

- Heldur athygli
- Nýtir stundatöflur
- Mætir á réttum tíma í kennslustundir
- Getur unnið með öðrum
- Ratar í helstu kennslustofur innan skólans
- Getur farið um skólalóðina af sjálfstæði, öryggi og varast hættur
- Kemur sér að verki
- Vinnur þrátt fyrir truflun
- Getur leyst verkefni út frá fyrirætlunum
- Hættir verki á tilsettum tíma
- Sættir sig við breytingar á venjum
- Getur unnið sjálfstætt
- Er samvinnufús
- Situr rétt við kennsluborðið
- Gengur vel um námsgögn
- Sækir námsgögn/nesti í skólatösku
- Virðir reglur um það sem er leyft og bannað í kennslustofunni
- Finnur til íþróttatösku
- Gengur frá íþróttafatnaði í tösku
- Klæðist í samræmi við veður
- Þekkir og forðast hættur í umhverfinu
- Kemst leiða sinna gangandi/hjólandi (ratar)
- Þekkir helstu kennileyti í umhverfinu
- Tekur þátt í leik
- Gerir sér grein fyrir hvernig dagurinn líður
- Veit á hvaða tíma verk eru unnin
- Sýnir hjálpssemi
- Sýnir tillitssemi

<ul style="list-style-type: none"> <li>■ <b>Lífsleikni</b></li> </ul>
<b>Sjálfshjálp:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Gætir að hreinlæti og eigin líkamsumhirðu</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kann að reima skó</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kann að renna rennilás</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kann að hneppa</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kann að smella</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Fer í sturtu í íþróttum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Klæðir sig úr og í skó</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Klæðir sig úr og í yfirhöfn</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hengir upp og gengur frá útifötum og skóm</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skiptir um fót í búningsklefa</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Velur fót í samræmi við veður</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Gengur frá eftir máltíðir og þakkar fyrir sig</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekkir tilfinningar og getur tjáð þær</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kann að bregðast við eigin tilfinningum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Veit hvert á að leita þegar hætta steðjar að</li> </ul>
<b>Reglur:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Getur farið eftir skráðum reglum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Getur farið eftir óskráðum reglum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skilur tilgang reglna</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kann umferðareglurnar</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kann að nota umferðarljós og þekki helstu umferðarmerkin</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Getur fylgt hópi og farið eftir reglum og fyrirmælum í stuttum gönguferðum</li> </ul>

## Enska:

Kunnátta í ensku er mjög þýðingarmikil í dag. Nemendur sem nýta tölvutæknina mikið í sínu námi finna þörf fyrir því að læra ensku. Á ferðalögum til annarra landa hjálpar grunnþekking í ensku og skapar fjölbreytt tækifæri til alþjóðlegra samskipta.



<ul style="list-style-type: none"> <li>■ <b>Enska</b></li> </ul>
<b>Hlustun</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skilji einföld fyrirmæli kennara</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skilji einföld orð og setningar í tengslum við kunnugleg viðfangsefni</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skilji helstu kveðjur og kurteisorðum í samskiptum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti fylgst með í einföldu hlustunarefni, t.d. söngvum og þulum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skilji einfaldar spurningar um viðfangsefni</li> </ul>
<b>Lestur</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti lesið einfaldan texta</li> </ul>
<b>Talað mál - samskipti</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti tekið þátt í einföldum samskiptum t.d. kynnt sig og heilsað</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti tekið þátt í samskiptaleikjum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti þátt í einföldu samtali, spurt og svarað</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti tekið undir í söng og farið með þulur</li> </ul>
<b>Talað mál - frásögn</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti gefið einfaldar upplýsingar um sjálfan sig</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt</li> </ul>
<b>Ritun</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti skrifað eftir fyrirmynd orð og einfaldar setningar</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti skrifað orð og stuttar setningar við myndir</li> </ul>

**List- og verkgreinar:** Handavinna, smíði, myndmennt, heimilisfræði, íþróttir, sund, mál- og hreyfipjálfun.

Mikil áhersla er lögð á verklegt nám og samþætta það sem best öllu öðru námi í kjarnagreinum og lífsleikni. Nemendur eru í flestum tilfellum að fá tvöfalt magn list- og verkgreina því auk tíma með bekkjarfélögum þá eru sérstakir list- og verkgreinatímar hjá sérdeildinni.

Áhersla er lögð á virkja skapandi hugsun þannig að nemendur fái útrás fyrir hugsanir sínar og tilfinningar í skapandi vinnu. Samhliða því er unnið að því að nemendur tileinki sér skipuleg vinnubrögð sem nýtast munu í atvinnulífi í framtíðinni og ýmsum athöfnum daglegs lífs sem getur stuðlað að sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum. Mark-viss heilsurækt á hverjum degi stuðlar að góðri líkamlegri heilsu sem skilar sér í betri andlegri líðan. Í mál- og hreyfipjálfun er lögð áhersla sérhæfða þjálfun samhæfingu, jafnvægi og takti. Í leikfimi er áhersla lögð á úthald og þol ásamt því að læra ýmsa regluleiki. Í sundtímum er megináherslan á að ná tókum á sundaðferðum.



## ■ Handavinna og smíði

- Getur unnið handverk sér til gagns og ánægju
- Getur þrjónað
- Getur þrætt nál
- Getur saumað einföld spor
- Getur fest tölu
- Getur klippt nákvæmlega
- Getur saumað í saumavél
- Getur notað einföld handverkfæri
- Vandvirkni í vinnubrögðum
- Geti teiknað snið
- Geti pússað
- Geti nelgt nagla
- Geti sagað út einfalda hluti með handsög
- Geti málað/lakkað og límt
- Geti skrúfað skrúfu og borað
- Geti brennt með brennipenna
- Geti gengið frá í stofunni

## ■ Myndmennt

- Efli frumkvæði og sköpunargleði
- Kynnist og geti notað ólíkan efnivið
- Kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum
- Þjálfri fínhyfingar
- Læri að fara vel með áhöld og efnivið

## ■ Heimilisfræði

- Getur notað einföld mælitæki
- Þekkir algeng eldhúsáhöld
- Getur unnið létt matreiðsluverkefni
- Gengur frá eftir sig í eldhúsi
- Persónulegt hreinlæti við matargerð
- Þekkir algengustu fæðutegundir
- Gerir greinarmun á hollum og óhollum fæðutegundum
- Getur lagt á borð
- Snyrtimennska í eldhúsi
- Varast hættur sem leynast í eldhúsi
- Fer eftir einföldum uppskriftum

<ul style="list-style-type: none"> <li>■ <b>Mál- og hreyfipjálfun</b></li> </ul>
<b>Grófhreyfingar</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Stendur kyrr með fætur saman</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Stendur á: tám, hælum, jörkum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Situr með krosslagða fætur og beint bak</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skríður með víxlun</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Gönguhreyfingar: snúningur í bol, víxlhreyfingar handa, ilin hreyfist frá hæl að tá</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Gengur hratt - hægt</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Gengur á: jörkum, tám, hælum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Gengur upp tröppur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Gengur niður tröppur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hleypur taktfast (í eltingaleik, við tónlist)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hleypur án árekstra (í eltingaleik)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Tekur sprettinn</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hleypur niður tröppur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hoppar jafnfætis</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hoppar á öðrum fæti (vinstri og hægri)</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hoppar jafnfætis yfir línu: áfram, aftur á bak, til hliðar</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Hendir bolta í gólf og grípur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kastar bolta í loft og grípur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Grípur bolta frá öðrum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kastar í vegg og grípur</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kastar bolta í körfu</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Kastar bolta með annarri hendi</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Rekur bolta með annarri hendi</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Rekur bolta til skiptis með hægri og vinstri</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Sparkar bolta með hægri og vinstri</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Getur sparkað í bolta á hlaupum</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Klifrar í rimlum: upp, niður, til hliðar</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Fer kollhnís</li> </ul>

## Samhæfing

- Veltri sér um lengdarás
- Gerir klapp á hné æfinguna
- Slær takt á annað lærið, strýkur upp/niður á hinu
- Sippar

## Taktur

- Hoppar og telur hoppin
- Gerir sprellikarl í takt
- Klappar eftir taktklappi

## Jafnvægi

- Gengur á slá: áfram, aftur á bak
- Gengur á slá og segir: hægri fótur, vinstri fótur um leið
- Gerir flugvél: stendur á öðrum fæti og hallir sér fram með hendur í sundur
- Gerir súpermannæfingu

## Líkamsvitund

- Þekkir líkamshluta og getur bent á þá
- Þekkri hægri og vinstri á sjálfum sér
- Þekkir hægri og vinstri á mótstöðumanni
- Hermir eftir hreyfifyrirmælum
- Hreyfir sig eftir munnlegum fyrirmælum

## ■ Leikfimi og sund

- Líkamsskynjun
- Líkamshreysti og þrek
- Tekur þátt í fjölbreyttum æfingum og leikjum
- Undirstöðuleikni í íþróttagreinum
- Undirstöðuleikni í sundaðferðum
- Sýnir áhuga og jákvæðni til hreyfingar
- Sýnir virðingu og umburðarlyndi í leik og starfi
- Hefur sjálfstraust, viljastyrk og árcæði